

**Borgarstjórn**  
**4. september 2018**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að auka niðurgreiðslu til dagforeldra með börnum 18 mánaða og eldri**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að við 18 mánaða aldur hækki niðurgreiðslur til dagforeldra svo kostnaður foreldra verði til samræmis við þau gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul hið minnsta.

Greinargerð:

Starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar skilaði skýrslu sinni í maí 2018. Starfshópurinn lagði til nokkrar leiðir til að breyta og þróa starfsemi dagforeldra í Reykjavík. Ein þessara leiða var að hækka niðurgreiðslu til dagforeldra með börnum 18 mánaða og eldri.

Í skýrslunni segir eftirfarandi:

„Foreldrar hafa ítrekað gert athugasemdir við að þeir sitji ekki við sama borð þegar kemur að niðurgreiðslum, þar sem foreldrar barna sem fá inni á ungbarnaleikskóla greiða lágsta gjaldið, foreldrar með börn hjá dagforeldrum greiða um tvöfalt það gjald á meðan enn aðrir fá ekki gæslu og verða jafnvel af vinnu og framfærslu vegna þess. Ef borin eru saman heildarútgjöld fyrir barn á leikskóla (12 mán.-3 ára) sem er 291.771 kr. á mánuði miðað við 8.0 klst. dvöl. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum dagforeldrafélaganna í starfshópnum greiða foreldrar að meðaltali 70.000 kr. með barni í vistun á mánuði. Niðurgreiðslan frá Reykjavíkurborg er 55.072 kr. á mánuði fyrir 8 klst. vistun. Samanlagður kostnaður er samtals 125.072 kr. á mánuði. Mismunurinn er þá 166.072 kr. Til að gæta jafnræðis og til að daggæsla verði raunverulegur valkostur við leikskólavistun þarf að hækka niðurgreiðslu til dagforeldra umtalsvert.“

Samkvæmt skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar yrði viðbótarkostnaður á ári vegna hækkunar á niðurgreiðslu til foreldra barna 18 mánaða og eldri 136.066.299 kr. Með tillögunni mætti mæta þeim fjölskyldum sem ekki hafa fengið leikskólapláss fyrir börnin sín við 18 mánaða aldur. Eins styður tillagan við aukið valfrelsi foreldra um ólíka daggæslukosti.